



Grafía – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum

FRAMBOÐSFRESTUR

vegna kosningu stjórnar og varastjórnar
GRAFÍU 2020

Í samræmi við lög félagsins lýkur á næsta aðalfundi tveggja ára kjörtímabili þriggja aðalstjórnarmanna, Ásbjörns Sveinbjörnssonar, Hrannar Jónsdóttur og Jóns Trausta Harðarsonar og tveggja varastjórnarmanna, Önnu S. Helgadóttur og Óskars R. Jakobssonar. Óskar Jakobsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Hér með er lýst eftir uppástungum um þrjá félagsmenn til setu í aðalstjórn næstu tvö ár og tvo félagsmenn til setu í varastjórn.

Þeir félagsmenn sem að uppástungum standa skulu stinga upp á mönnum í öll sæti sem kjósa á í, samtals fimm félagsmönnum. Uppástungur skulu studdar fæst 20 en mest 50 félagsmönnum. **Þeim sem að uppástungum standa skal jafnframt bent á að fá samþykki þeirra sem þeir áforma að stinga upp á.**

Vakin er athygli á eftirfarandi ákvæði í lögum félagsins (gr. 7.4.), en þar segir:
„Þegar skilafrestur á framboðum til stjórnarkjörs er liðinn, skal stjórn félagsins sameina þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli. Greinilega skal auðkenna hverjir eru í framboði til aðalstjórnar og hverjir til varastjórnar. Sá sem er í framboði til aðalstjórnar getur ekki verið í framboði til varastjórnar samtímis. Við allar kosningar í félaginu skal raða á kjörseðil með útdrætti og skal boða fulltrúa framkominna lista til að vera þar viðstadda.” Og í grein 6.1.5. stendur: *„Varastjórn er kosin samtímis og aðalstjórn.”*

Framboð samkvæmt framanrituðu skulu berast skrifstofu félagsins, Stórhöfða 31, fyrir kl. 16.00, fimmtudaginn 20. febrúar n.k.

Reykjavík, 16. janúar 2020.
Stjórn GRAFÍU stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum